

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 06. desember 2018
2018110016/42-2
TB
tb

Hólasandslína 3 - Frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um Hólasandslínu 3, 220 kV raflínu frá Akureyri að Hólasandi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu og telur, m.t.t. hlutverks stofnunarinnar, að skýrslan ásamt viðaukum hennar sé vel unnin og hafi að geyma nægar upplýsingar um náttúrufræðis svæðis/svæða sem um ræðir svo og framkvæmdina, mótvægisáðgerðir og vöktun svo byggja megi matsskýrslu á henni. Helstu áhrif af framkvæmdinni verða annars vegar á landslag og ásýnd og hins vegar bein áhrif á náttúruna vegna plana fyrir möstur, vegslóða og efnistökusvæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru settir fram vel rökstuddir valkostir bæði fyrir legu línunnar, þ.m.t. jarðstrengja, svo og t.d. mismunandi gerðir af möstrum. Hólasandslína 3 fylgir að mestu legu Kröflulínu 1 og er það kostur því ekki verið að taka nýtt svæði undir línu þó Hólasandslína 3 verði vissulega meira áberandi í landi en Kröflulína 1.

Náttúrufræðistofnun telur að það sé sérstaklega tveir þættir í framkvæmdinni sem enn er óljóst hver áhrifin verða. Fyrri atriðið snýr að slóðagerð við lagningu línunnar. Í kafla 4.1.7.4. í frummatsskýrslunni er fjallað um mögulegar aðferðir og útfærslur við gerð vegslóða svo og að sleppa þeim. Öllum möguleikum sem ekki felast í slóðagerð er í raun hafnað af umhverfis-, öryggis- og aðgengis ástæðum svo og vegna kostnaðar. Þó er lagt til á sumum svæðum að hafa slóða veigaminni og vinna á frosinni jörð. Einnig kemur víða fram í frummatsskýrslunni að reynt verði að nota eins mikið og mögulegt er slóða sem eru fyrir á leiðinni, sem er mjög gott, og auk þess leggja þá t.d. í samvinnu við Umhverfisstofnun. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru það tvö svæði þar sem verulegur ávinningur væri af því að sleppa slóðagerð eins og mögulegt er en það eru Fljótsheiði og Laxárdalsheiði. Þessum svæðum er vel lýst í frummatsskýrslunni. Þar er á nokkrum stöðum farið þvert yfir votlendi og geta slóðar þar, auk þess að valda skemmdum á votlendi, verið mjög áberandi s.s. á Fljótsheiði. Það eru því eindregin tilmæli til framkvæmdaraðila að á þessum svæðum verði slóðagerð sleppt eins og hægt er og aðrar lausnir fundnar.



Síðari atriðið er lega Hólasandslínu 3 yfir Laxárdal. Þar eru settir fram tveir kostir fyrir jarðstreng og sömuleiðis tveir kostir fyrir legu loftlínu og er öllum kostunum vel lýst. Að mati Náttúrufræðistofnunar hafa loftlínukostirnir minni varanleg áhrif innan verndarsvæðis Laxá auk þess sem meiri óvissa er um áhrif af lagningu jarðstrengja. Af loftlínukostunum telur Náttúrufræðistofnun að sá valkostur sem fylgir núverandi línu sé betri en aðalvalkostur Landsnets að því leyti að hann opnar ekki upp nýtt svæði fyrir línu yfir Laxá og hefur þannig minnst áhrif á verndarsvæðið þó áhrif á landslag aukist eitthvað og alltaf er hættu á flugi fugla á línuna sem þarf að vakta og bregðast við ef talin er þörf á því. Náttúrufræðistofnun telur að það sé mjög áriðandi að velja og ákveða staðsetningar á möstrum og vegslóðum á þessu svæði í samráði við þá aðila sem best þekkja til bæði lífríkis og landslags á svæðinu svo og menningarminjar. Fyrir utan Umhverfisstofnun, heimamenn og aðila sem hafa með menningarminjar að gera telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdaraðili eigi að ráðfæra sig við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn og Náttúrufræðistofnun.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

